

Lokaverkefni til BA-prófs
í Íslensku sem öðru máli

Jón Oddur og Jón Bjarni

Greinargerð og frönsk þýðing á fyrri hluta bókarinnar eftir
Guðrúnu Helgadóttur

Hélène Jóhannsson

Maí 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Jón Oddur og Jón Bjarni

*Greinargerð og frönsk þýðing á fyrri hluta bókarinnar eftir
Guðrúnu Helgadóttur*

Ritgerð til BA-prófs í Íslensku sem öðru máli

Hélène Jóhannsson

Maí 2015

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Jón Oddur og Jón Bjarni

*Greinargerð og frönsk þýðing á fyrri hluta bókarinnar eftir
Guðrúnu Helgadóttur*

Ritgerð til BA prófs í Íslensku sem öðru máli

Hélène Jóhannsson

Kt.: 130472-2229

Leiðbeinandi: Désirée Louise Neijmann

Maí 2015

Ágrip

Þessi ritgerð skiptist í tvo meginhluta: Greinargerð um þýðingar og þýðingin sjálf. Fyrsti kafli fyrri hluta fjallar um barnabókmenntir á Íslandi og í Frakklandi, um barnabókahöfundinn Guðrúnu Helgadóttur og söguna Jón Odd og Jón Bjarna. Í öðrum kafla er farið yfir kenningar um þýðingar og í þriðja kafla verður fjallað um þýðingarferlið ásamt þeim erfiðleikum sem komu upp í þýðingunni og lausnum þeirra.

Seinni hluti þessarar ritgerðar er frönsk þýðing á hluta bókarinnar Jón Oddur og Jón Bjarni.

Ég valdi söguna um Jón Odd og Jón Bjarna vegna þess að hún er skemmtileg, áhugaverð og það er gaman að þýða fyrir börn. Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða hvaða áskoranir finnast við þýðingu barnabókmennta.

Ágrip

Fyrsti hluti

1	BÓKMENNTIR	1
1.1	INNGANGUR.....	1
1.2	ÍSLENSKAR OG FRANSKAR BARNABÓKMENNTIR	2
1.3	GUÐRÚN HELGADÓTTIR	4
1.4	SAGAN UM JÓN ODD OG JÓN BJARNA.....	4
2	UM ÞÝÐINGAR	5
2.1	ÞÝÐINGARKENNINGAR.....	5
2.2	ÞÝÐING NAFNA	7
2.3	HÚMOR	9
3	MÁLFRÆÐIERFIÐLEIKAR	11
3.1	AÐ FARA FRAM OG AÐ FARA UPP	12
3.2	SAMRÆMING FLEIRTÖLU OG EINTÖLU	12
3.3	VIÐTENGINGARHÁTTUR.....	13
4	LOKAORÐ	13
	HEIMILDASKRÁ	15

Annar hluti

	ÞÝÐINGIN.....	17
--	---------------	----

1 Bókmenntir

1.1 Inngangur

Að þýða: snúa úr einum máli á annað, endursegja á öðru máli sömu hugsun og tjáð er á fyrri málinu, útleggja.

(*Íslensk orðabók* 2002: 1853)

Þýðing texta af einu tungumáli yfir á annað er eitt mikilvægasta verkefni samtímans. Í alþjóðavæddum heimi er stöðugt meiri þörf og óskir um að þýða texta, allt frá samningum og flóknum lagabálkum uppí bókmenntir og barnabókmenntir. Skýring íslensku orðabókarinnar á sögninni að þýða er þó ekki fullnægjandi. Að þýða er miklu meira en að snúa úr einu máli yfir á annað. Vinna þýðandans er flókin því hann verður að vera nákvæmur og hugmyndaríkur. Þýðandinn verður að taka tillit til fjölmargra mismunandi þátta, þ.e. menningaþátta, þjóðfélagsþátta, málfræðibyggingu og fyrir hvern hann er að þýða. Á þetta sérstaklega við þegar um er að ræða barnabókmenntir.

Gæði þýðingarinnar þurfa að vera mikil og þurfa að endast í tíma. Þrátt fyrir þetta er því mjög oft haldið fram að þýða fyrir börn sé auðveldara en að þýða fyrir fullorðna. Er þá horft til efnis sagna og lesenda þeirra en gengið er út frá því að eldri lesendur geri meiri kröfur til efnisins. Þegar rætt er um gamantexta, sérstaklega í barnabókmenntum, koma fram erfiðleikar vegna hómorsins og atriða sem eru tengd menningu. Göte Klinberg talar um aðlögun textans þegar þýtt er fyrir börn. Samkvæmt því þarf sú aðlögun að vera nákvæm eftir frumtextanum, eða eftir orðum Klinberg: „The translation should not be easier or more difficult to read, be more or less interesting, and so on.“ (Oittinen 2000: 89)

Þýðing nafna getur líka verið tvíeggjað í barnabókmenntum. Eiga nöfn í frumtextanum að vera eins í marktöxtanum eða á að þýða þau til þess að auðvelda lesningu? Þessari spurningu fylgir önnur spurning: Er ekki verið að sýna höfundu og börnum óvirðingu með því að þýða nöfn? Til þess að svara þessum spurningum verður horft til kenningar Theo Hermans (Fernandes 2006:49) um þýðingu nafna. Theo Hermans, sem er prófessor við University College London (UCL), telur að í þýðingum megi skipta fornöfnum í fjóra hópa, þ.e. að afrita nafnið, aðlögun eða umritun nafnsins, að skipta um nafn og að þýða nafn sem hefur merkingu.

Sagan um Jón Odd og Jón Bjarna eftir Guðrúnu Helgadóttur var valin vegna þess að hún er skemmtileg og það er forvitnilegt að sjá hvernig hún kom eins og stormsveipur inn í íslenskar barnabókmenntir á sínum tíma. Barnasögurnar sem

skrifaðar höfðu verið á Íslandi á þessum tíma voru þungar og uppfullar af alvarlegum atriðum sem gerðust í sveit og mjög oft voru þær skrifaðar eftir eigin bernsku höfunda. Börnin sem bjuggu í Reykjavík áttu erfitt með að tengja sig við þessar sögur.

Sögur tvíburanna má líkja við frönsku sögurnar af Nikulási litla eftir René Goscinny og Jean-Jacques Sempé. Alveg eins og tvíburarnir, þá var Nikulás litli með allskonar pælingar um lífið og tilveruna, auk þess sem hann bjó líka í borg. Mikill húmor einkennir báðar sögurnar, en fyrsta sagan um Nikulás birtist fyrst í blaðinu *Sud-Ouest Dimanche*. Hún varð strax vinsæl þegar hún kom út árið 1959 (Zeynaligargari 2011: 5). Nikulás litli uppgötvar að heimur fullorðna er flókinn og skilur ekki af hverju það eru reglur sem fullorðnir fylgja stundum og stundum ekki. Þetta atriði sjáum við líka hjá Jóni Oddi og Jóni Bjarna í kaflanum „Jón Oddur og Jón Bjarni uppgötva sitthvað um sannleikann“, þegar þeim er sagt að segja alltaf sannleikann en þeir skilja ekki þegar mamma þeirra segir ekki alveg satt við kennara Önnu Jónu (Guðrún Helgadóttir 2007: 52).¹ Bókin um bræðurna kom út tuttugu árum eftir bókinni um Nikulás litla en íslenskar barnabókmenntir eru tiltölulega nýtt fyrirbæri eins og við ætlum að fjalla um í næsta kafla.

1.2 Íslenskar og franskar barnabókmenntir

Barnabókmenntir er safnheiti sem nær yfir allar tegundir rita sem börnum finnst skemmtilegt að lesa eins og skáldsögur en líka blöð, tímarit og teiknimyndasögur. Þær geta verið bækur sem börn lesa þangað til þau eru sextán ára gömul, bækur sem gefnar eru út sérstaklega fyrir börn, en einnig t.d. skólabækur fyrir börn og unglinga. Finnski þýðingarfræðingurinn Riita Oittinen bendir á að barnabækur eru mjög oft með teikningum og einnig gerðar til að lesa upphátt (Oittinen 2000: 5).

Fyrstu dæmisögurnar fyrir börn voru gefnar út í Englandi og Frakklandi á 17. öld. Jean de La Fontaine var vinsælasti og frægasti rithöfundur Frakka og skrifaði hann dæmisögur sem voru vísur fyrir son Lúðvika XIV Frakkakonungs. Hann breytti dæmisögum eftir m.a. Esóp í ljóð og taldi að það myndi auðvelda konungssyninum að læra af sögunum og læra af meiri ánægju (Silja Aðalsteinsdóttir 1999: 9).

Fyrstu ævintýrin fyrir börn birtust í Frakklandi árið 1697. Þessar sögur voru viðburðaríkar og skemmtilegar, andstætt dæmisögum sem voru fyrst og fremst til að fræða börnin. Stundum voru dæmisögurnar þó einnig skemmtilegar (Silja Aðalsteinsdóttir 1981: 19). Hér má meðal annars nefna Charles Perrault og

¹ Hér eftir verður vitnað til þessarar heimildar með blaðsíðutali innan sviga í megin máli.

ævintýrasögur hans um Rauðhettu og Öskubusku. Einnig var *Les Aventures de Télémaque* (*Ævintýri Telemakkosar* 1699) eftir François Fénelon skrifuð fyrir Lúðvik XV, barnabarn Lúðviks XIV konung til þess að kenna honum að verða góður kóngur, en líka til að sýna honum að mannfólkið eigi að vera frjálst og að allir eigi að vera jafnir (Mason 1959: 103).

Eftir frönsku byltinguna voru barnabókmenntir að mestu blanda af gömlum textum eins og t.d. eftir La Fontaine. Þó farið væri að skrifa fyrir börn, fjölluðu barnabækur að mestu um þungt efni þar sem þær voru undir áhrifum trúar, menningar og félagslegra aðstæðna. Einnig voru þær skrifaðar í þeim tilgangi að fræða börnin og höfðu ákveðinn boðskap.

Þörf fyrir sérstakar barnabækur birtist á fyrstu árum 19. aldar. Um 1830 jókst bókaútgáfa vegna aukinnar prenttækni en þá urðu bækurnar ódýrari og gæðin urðu meiri. Louis Hachette, sem var útgefandi á skólabókum eins og *Alphabet des écoles* (Stafróf handa skólum 1831), hóf að gefa út barnabækur fyrir tólmstundir árið 1853. Voru þetta sagnasöfn eins og til dæmis *La bibliothèque rose* (Bleika ritröðin 1856) og *La bibliothèque des chemins de fer* (Járnbrautarritröðin 1853). Rithöfundurinn Pierre-Jules Hetzel var sá sem hafði mest áhrif á barnabækur á þessu tímabili og vildi að barnabækur væru skemmtilegar og örvuðu ímyndunarafl barna. Skrifaði hann meðal annars ævintýrabókina *Nouveau magasin des enfants* (Nýja barnabúðin 1843; Brown 2011: 19-21). Miklar breytingar urðu í frönskum barnabókmenntum eftir seinni heimsstyrjöldina, þrátt fyrir að menningar og félagslegt samhengi samtímans hefðu ennþá áhrif. Barnabókmenntirnar frelsuðu börnin frá heimi hinna fullorðnu (Brown 2011: 5,6).

Eins og nefnt var áður eru íslenskar barnabókmenntir tiltölulega nýtt fyrirbæri. Fyrstu barnabækurnar sem voru greindar frá bókum fyrir fullorðna komu út fyrir rúmlega 200 árum. Aðstæður á Íslandi á 18. öld voru erfiðar, margir bjuggu undir sama þaki og kaupmáttur var lítill. Börnin voru eins og litlir fullorðnir einstaklingar sem unnu við hlið fullorðinna. Það var ekki lesið sérstaklega fyrir þau. Rímur voru kveðnar og þjóðsögur voru lesnar upphátt, þau hlustuðu á sama efni og fullorðnir á kvöldvökunni (Silja Aðalsteinsdóttir 1981: 17,18).

Á 19. öld voru flestar íslenskar barnabækur þýddar eða voru endurgerð á erlendum ritum og voru þá helst til siðvandar. Jónas Hallgrímsson endurritaði fyrstu barnasögurnar eftir H. C. Andersen, eins og t.d. *Fífilinn og hunangsfluguna*, og síðar skrifaði hann söguna *Grasafærð*. Í lok 19. aldar var samfélagið að taka breytingum og börn farin að stunda skóla, sem varð til þess að þau unnu minna með foreldrum sínum (Silja Aðalsteinsdóttir 1999: 11-13). Íslenskar bókmenntir þróuðust einnig á þessum

tíma og fyrsta frumsamda íslenska barnabókin, *Bernskan* eftir Sigurbjörn Sveinsson, var gefin út árið 1907. Mæður voru einnig byrjaðar að taka meiri þátt í lífi barnanna. Á stríðsárunum fjölgaði bókaútgáfum mjög hratt á Íslandi og voru margar bækur þýddar, en vegna kaupmáttaraukningarinnar í kjölfar heimsstyrjaldarinnar, seldust bækur mjög vel (Silja Aðalsteinsdóttir 1999: 11-13).

1.3 Guðrún Helgadóttir

Guðrún Helgadóttir var fyrsti íslenski rithöfundurinn sem skrifaði skemmtilegar sögur þar sem borgin var sögusviðið og umhverfi barnanna sem þær fjölluðu um. Guðrúnu tókst að skilja heim barna og skrifa efni sem tengdist raunveruleika þeirra. Barnabækur hennar urðu strax vinsælar og mörkuðu nýja tíma í íslenskum barnabókmenntum.

Guðrún Helgadóttir fæddist 7. september 1935 í Hafnarfirði og var elsta barnið af tíu. Hún ólst upp í fátækri sjómanna fjölskyldu. Faðir hennar var sjómaður og það hafði áhrif á fjölskylduna vegna þess hvað hann var lítið heima og var sem ókunnugur maður þegar kom að börnunum. Móðir hennar var af góðbændum sem fóru í gjaldþrot og hún sá um uppeldi barnanna. Guðrún fann til mikillar ábyrgðarkenndar og tók mikinn þátt í heimilisvinnu og uppeldi systkina sinna vegna þess að hún var hrædd við að missa foreldra sína (Dagný Kristjánsdóttir, 2005: 9,10).

Guðrún fór í kaþólskan skóla, Skóla Sankti Jósefssystra í Hafnarfirði. Þar lærði hún að enginn mundi færa henni neitt heldur þurfti hún að gera hlutana sjálf. Þetta viðhorf fannst henni mikilvægt að láta birtast í bókum sínum fyrir börn (Dagný Kristjánsdóttir 2005: 11).

1.4 Sagan um Jón Odd og Jón Bjarna

Fleiri bækur voru gefnar út um Jón Odd og Jón Bjarna en þær heita *Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna* (1975) og *Enn af Jóni Oddi og Jóni Bjarna* (1980). Þær urðu einnig strax mjög vinsælar. Ólíkt barnabókum fyrri tíma, sem oft fjölluðu um munaðarlaus börn sem bjuggu við alkólisma eða upplifðu skilnað, þá voru bækur Guðrúnar hressandi vegna þess að þær fjölluðu um börn sem áttu dagslegt líf með pabba og mömmu sem glíma ekki við alvarleg vandamál og vinna bæði úti (Árman Jakobsson 2005 : 76).

Jón Oddur og Jón Bjarni kom út árið 1974. Skáldsagan fjallar um 6 ára íslenska tvíbura, þá Jón Odd og Jón Bjarna, sem búa í blokk í Reykjavík ásamt fjölskyldu sinni. Hún gerist sumarið áður en þeir byrja í grunnskóla. Í fjölskyldunni eru pabbi, mamma, Magga litla systir og Anna Jóna hálsystir sem er með

„unglingaveikina“. Einnig eru ráðskonan Soffía sem passar þá á daginn á meðan foreldrarnir vinna og svo amma þeirra sem þeir kalla ömmu dreka. Sagan er bráðfyndin, en í gegnum augu Jóns Odds og Jóns Bjarna skynjum við líka tilfinningar þeirra og fáum að vita þælingar þeirra um lífið.

Jón Oddur og Jón Bjarni var fyrsta sagan sem Guðrún Helgadóttir skrifaði fyrir börn. Guðrún eignaðist sjálf fjögur börn og skemmti þeim mjög oft með því að segja þeim fjörugar sögur. Í barnaafmæli árið 1973 sagði hún litlum gestum sínum sögur um tvíbura, þá Jón Odd og Jón Bjarna. Svo vildi til af í afmælinu var lítil stelpa sem var dóttir Silju Aðalsteinsdóttur en Silja var umsjónarmaður morgunútarps barnanna. Silja Aðalsteindóttir hafði áhuga á sögunum og þær voru lesnar upp í morgunstudinni skömmu síðar. Þessi útvarpslestur var upphafið að vinsældum Jóns Odds og Jóns Bjarna. Skömmu síðar var bókin gefin út af Valdimari Jóhannssyni sem vann í bókaútgáfunni Iðunni (Dagný Kristjánsdóttir 2005: 13).

Í eldri barnasögum voru samskipti barna og fullorðna ekki á sama hátt og í dag. Fullorðnir litu ekki á börn sem jafningja, en í sögum Guðrúnu eru bræðurnir hluti af fjölskyldunni og foreldrarnir eru bestu vinir þeirra (Ármann Jakobsson 2005: 79). Með því að skrifa þessa sögu sýnir Guðrún okkur hvernig var komið fram við börn í íslensku samfélagi á þessu tímabili. Hún hafði mjög góðan skilning á lesendum sínum og sýnir heim hinna fullorðna í gegnum barnsaugað (Ármann Jakobsson 2005: 90).

Guðrúnu tókst vel að skrifa þessar sögur sem eru enn eftir fjörutíu ár jafn skemmtilegar og fyndnar. Gott dæmi um þetta er þegar fötum þabba strákanna er stolið í sundlaug og hann verður að fara heim í lánuðum slopp. Strákunum finnst atburðurinn spennandi og þeir fara að velta því fyrir sér hvort það verði mynd af þabba þeirra í blaðinu, í engum fötum. Þegar þau koma svo heim úr sundlauginni, mæta þau að sjálfsögðu hneykslunargjörnu konunni á næstu hæð, sem starir á þabbann og fer svo beint í símann til að upplýsa alla um atvikið (33, 34).

2 Um þýðingar

2.1 Þýðingarkennningar

Eins og fjallað er um í Inngangi getur sögnin „að þýða“ þ.e. að snúa úr einu máli yfir á annað, haft nokkrar merkingar. Hún getur merkt útlekking á upprunalegum texta en einnig útskýring og gildi. Nauðsynlegt er fyrir þýðandann að skilja vel hvað felst í hugtakinu á mismunandi tungumálum þannig að marktectinn yfirfærir rétt. Latneska sögnin *transféro* (*trans* „yfir“ *ferre* „bera“) merkir að færa eitthvað yfir. Af þessu orði kemur enska sögnin *to translate* (**from** one language **into** another one) en

franska sögnin *traduire* er dregin af latneska orðinu *traducere* (sem merkir að færa **úr** einu máli **yfir** á annað). Í öðrum tungumálum svo sem þýsku eða dönsku á hinn bóginn er talað um tökuþýðingu s.s. á þýsku *übertragen-übersetzen* (**aus/von** einer Sprache **in** eine andere) og á dönsku *oversætte* (**fra** et sprog **til** et andet). Á íslensku er sögnin „að yfirfæra“ notuð í annarri merkingu en sögnin „að þýða“ (þýða e-ð **úr** einu máli **á** annað). Að þýða samsvarar ensku sögninni *to translate* (Jón G. Friðjónsson, 2006: 1). Fleiri þýðingarhugtök eru til eins og Ástráður Eysteinnsson útskýrir í bók sinni *Tvímæli* og vísar þar í greinina „On Linguistic Aspects of Translation“ eftir Roman Jakobson, en Jakobson greinir þýðingar í þrennt (1996: 27, 28):

1. Þýðing innan tungumáls (e. *intralingual translation*) þ.e. tiltekið efni er endurflutt í sama málkerfi t.d. þegar gömul saga er endursögð og löguð að breyttum aðstæðum en sama tungumál notað.
2. Þýðing milli tungumála (e. *interlingual translation*) þ.e. merkingar af einu tungumáli eru fluttar á annað mál.
3. Þýðing milli táknerfa (e. *intersemiotic translation*) þ.e. þegar boð eru endurflutt með öðrum tákni t.d. þegar saga er flutt sem látbragðsleikur eða tungumál þýtt á táknmál (Ástráður Eysteinnsson, 1996 : 27, 28).

Þýðing milli tungumála er algengust en mjög oft er ekki til fullt jafngildi og eitt hugtak getur verið þýtt með fleiri orðum en einu. Í bókinni *The Practices of Literary Translations* eftir Holman og Boase-Beier er bent á að þýðandinn verði að hugsa um öll skilyrði þýðingarinnar. Skiptir þá máli hvort félagsleg skilyrði eru til staðar og textinn sé í samhengi (e. *contextual*) við upprunalega textann. Einnig þarf að huga að því hvort innihaldið uppfylli skáldleg og venjubundin (e. *conventional*) skilyrði, eða málvísindaleg og formleg. Öll þessi skilyrði hjálpa þýðandanum að nota ímyndunaraflíð (Holman & Boase-Beier, 1999: 13).

Það er hlutverk þýðandans að vera skapandi í verki, til þess að missa ekki af t.d. stíl og hómur frumtextans. En á sama tíma á hann að virða málfræðireglur og menningu í markmálinu. Hlutverk hans er einnig að leika sér með orðin, setja þau í rétta röð til þess að lesandinn skilji verkið. Þannig fer þýðandinn áfram skref fyrir skref. Í bókinni *Tvímæli* birtir Ástráður Eysteinnsson líkan eftir Eugene Nida sem sýnir þetta þýðingarferli (Ástráður Eysteinnsson, 1996: 107):



Fyrst verður þýðandinn að lesa og skilgreina textann. Svo getur þýðingarferlið farið af stað en áður en markttextinn verður fullbúinn, verður þýðandinn að uppfylla margskonar skilyrði til þess að markttextinn verði skiljanlegur fyrir lesendur. Þetta er tímafrek og nákvæm vinna.

Þegar þýtt er fyrir börn er sömu aðferðum beitt, en þrátt fyrir það er öðruvísi og erfiðara að þýða bækur fyrir börn, og spyrja má af hverju? Hér á eftir mun ég reyna að svara þessari spurningu með því að skoða nánar ákveðin vandamál sem upp komu í þýðingunni.

2.2 Þýðing nafna

Í sögu Guðrúnar koma fram mörg nöfn og örnefni. Þýðing nafna er flókin og er vandamál í öllum textum sem við þýðum. Í grein sinni *On translating proper names* skiptir Theo Hermans þýðingu fornafna í fjóra hópa (Fernandes 2006:49):

- A) Að afrita nafnið, þannig að nafnið verður eins í marktöxtanum og í frumtextanum.
- B) Aðlögun eða umritun nafnsins (t.d. Þingvellir á íslensku en Thingvellir á ensku).
- C) Að skipta um nafn (t.d. í enska sjónvarpsþættinum Bubbi byggir heitir ein aðalpersónan Wendy en hún heitir Zoé á frönsku og Selma á íslensku).
- D) Að þýða nafn sem hefur merkingu (t.d. Snow White á ensku verður Blanche-Neige á frönsku en Mjallhvít á íslensku).

Einnig bendir Theo Hermans á tvær aðferðir í viðbót, sem eru annars vegar að taka nafnið úr marktöxtanum og hins vegar að skipta fornafni yfir í nafnorð eða setja innskot.

Við skulum skoða hvernig þessar aðferðir virka með nöfnin Jón Oddur og Jón Bjarni. Byrjum á því að skoða möguleikana sem felast í aðferð B.

Aðferð B, að aðlaga nöfnin, gæti verið góður kostur vegna þess að hún hjálpar börnunum að lesa erlend nöfn. Aðferð B hjálpar því börnunum að bæta við þekkingu sína. Í bók sinni *Translating for Children* segir Riitta Oittinen að Göte Klinberg og Zohar Shavit séu sömu skoðunar þ.e. að nöfn eigi að vera aðlöguð en ekki þýdd. Telja Klingberg og Zohar að í þýðingu nafna felist vanmat á börnum og texta höfundarins sé sýnd óvirðing (Oittinen 2000 : 88), og að við verðum að athuga hvort aðlögun sé hæfileg og nothæf fyrir skilning barna.

Í minni þýðingu aðlagaði ég nokkur nöfn. Sem dæmi má taka nafnið Nordurmyri. Ég ákvað að skipta „ð“ sem er ekki til í franska stafrófinu, fyrir „d“ og skrifaði Nordurmyri til þess að einfalda lesningu. Þessa aðferð hef ég líka notað fyrir nöfnin Vatnajökull og Vífilsfell með því að sleppa loka-l í nöfnunum. Annað dæmi varðar nafnið Grafningur. Franska er tungumál sem fallbeygist ekki. Nafnið Grafningur sem kemur fyrir í þolfalli með greini í frumtextanum, „Grafninginn“, en ég nota nefnifall án greinis, „Grafningur“, í marktöxtanum. Ef við lítum nú aftur á nöfnin Jón Oddur og Jón Bjarni, þá er flóknara að aðlaga þau. Fyrst ætlaði ég að setja i eða y til þess að geyma hljóðið (j) þannig Jón Bjarni gæti verið Yon Biarni (jō b: zarni) á frönsku. En með því að gera það, þá er ég að breyta nöfnunum Jón og Bjarni, og Biarni er jafn erfitt að lesa.

Aðferð C, að þýða nöfnin, er ekki góður kostur. Þessi aðferð vanmetur börn almennt en þau eru ávallt mjög fljót að læra ný nöfn. Í grein sinni *Why Change Names? On the Translation of Children's Books* bendir Akiko Yamazaki á að hann sé algjörlega mótfallin því að þýðendur breyti nöfnum í barnabókum vegna skorts á þekkingu barna á menningaratriðum í öðrum löndum. Hún nefnir dæmi um bókina *Emil í kattholti* eftir Astrid Lindgren þar sem aðalpersónan heitir Emil. Nafn aðalpersónunnar í þýsku útgáfunni, sem hún las þegar hún var 9 ára, var Michel. Henni fannst eins og það væri búið að plata hana. Hún kemur líka með annað dæmi. Í ensku útgáfunni af *Emil und die Detektive (Emil and the Detectives)* eftir Erich Kästner eru nöfn aðalpersónanna ekki þýdd en nöfn aukapersónna eru þýdd, t.d. Krummibiegel verður Krumm og Zerlett verður Meyers (Yamazaki 2002: 53, 54).

Að þýða nöfn eins og Emil í Michel getur verið truflandi fyrir börn og hjálpar þeim ekki að bæta við þekkingu á öðrum tungumálum. Ef íslensku nöfn tvíburanna væru þýdd, þá gæti nafnið Jón verið Jean sem er jafngildi á frönsku en það eru ekki til jafngildi nafnanna Oddur og Bjarni. Ef þessi nöfn væru þýdd þá þyrfti að nota nöfn sem eru algeng á frönsku, hugsanlega Jean-Pierre og Jean-Luc. Þessi nöfn eru algjörlega breytt og mjög ólík nöfnunum í frumtextanum.

Aðferð D á ekki við nöfnin Jón Oddur og Jón Bjarni vegna þess að þau hafa ekki merkingu.

Ef notuð er aðferð A, s.s. að afrita á nöfnin þannig að nöfnin séu alveg eins í frumtextanum og marktöxanum, verður Jón Bjarni (jon bjar:tnl) (ʒɔ b: zarni) og Jón Oddur (jon ɔ:t.yr) (ʒɔ odyr) á frönsku. Þessi framburður er frekar erfiður á frönsku en ég tel hann besta kostinn því þannig er borin meiri virðing fyrir texta höfundar og einnig fyrir börnunum.

Þar sem nöfnin Jón Bjarni og Jón Oddur eru ekki til á frönsku, ekki eru til jafngildi og þau hafa ekki merkingu, finnst mér betra að halda nöfnunum eins og þau eru í frumtextanum en að laga þau samt með því að nota sérhljóðið O en ekki Ó. Sérhljóðið Ó var tekið í burtu til að auðvelda framburð og lestur fyrir börnin.

2.3 Húmor

Bókin skiptist í átján kafla og í hverjum þeirra er sagt frá skemmtilegu atviki í lífi bræðranna og sagan í heild er afar myndin. Húmorinn er stór hluti af sögunni og er eitt flóknasta atriðið að þýða vegna þess að við þurfum að þekkja vel heim barnanna og hvernig þau hugsa. Henri Bergson segir í bókinni sinni *Le rire* (Hláturinn) að grín hafi mismunandi form og nefnir þar til dæmis orðagrín, aðstæðnagrín og skapgerðargrín. Húmor höfðar til fólks en breyttist eftir þroska þess (Bergson 1988: 85-100). Þess vegna verðum við að nota efni sem er kunnuglegt og nálægt börnum þegar bækur eru skrifaðar fyrir þau. Þegar fjallað er um alvarlega atburði eða atvik, þá hjálpar húmorinn börnunum að gera ekki of mikið úr aðstæðunum.

Í greininni „L'art de la traduction de l'humour dans la littérature pour enfants“, skilgreina Zeynaligargari og Alavi (Zeynaligargari 2011: 31) fjórar tegundir af húmor fyrir börn:

- A) Líkamlegur húmor, þar sem grínið varðar líkamann. Þessi tegund af húmor er oft notuð fyrir 5 til 7 ára börn og kemur fram í Jóni Oddi og Jóni Bjarna: „Alltaf þegar hann horfði svona beint framan í Jón Odd og var búinn að hugsa, rann annað sjáaldrið ískyggilega mikið í áttina að nefinu.“ (8).
- B) Aðstæðnahúmor þar sem óhefðbundnar aðstæður gera textann skemmtilegan. Dæmi um þessa tegund húmors er í kaflanum „Og pabbi og mamma fóru með krakkana í sundlaugina“. Þegar pabbi fer í fataklefa til að klæða sig eftir sundið, þá finnur hann ekki fötin sín, en þeim hefur verið stolið. Allir fara heim en pabbi er í slopp og að sjálfsögðu mæta þau konunni sem býr á næstu hæð. Þetta atriði er

mjög fyndið því það er frekar þínlegt að vera allsber í slopp og mæta þessari konu sem hugsar mikið um siðferði og hringir þar að auki strax í alla til að láta vita (33, 34).

- C) Húmor sem er falinn inni í umræðum textans. Húmor af þessu tagi er notaður fyrir börn sem hafa skilning á hvað liggur að baki húmors og ná að tengja sig við það sem er á bak orðanna. Dæmi er að finna í sögunni þegar strákarnir eru að velta fyrir sér hvað margir peningar voru í skálinni í gróðurhúsinu og fara fram hjá kirkjunni sem er búíð að byggja: „Og svo er búíð að byggja hana, sagði Jón Bjarni raunamæddur. Og skömmu seinna óku þau framhjá annarri kirkju. Heldurðu að þetta sé hægt, sagði Jón Bjarni“ (23).
- D) Grín persónanna. Persónur textans gera það sem má ekki. Þessi húmor er flóknari að nota í textum barna, og höfundur setur aðalpersónurnar í aðstæður sem eiga að þróast eftir aldri barns. Hér má nefna dæmi í sögunni þegar strákarnir eru komnir í gróðurhús og reyna að stela peningasjóð fyrir kirkjubygginguna en pabbi þeirra kemur og stöðvar þá (22). Lesendur skilja alveg að það er bannað að stela en aðstæður gera þetta atvik skemmtilegt. Tvíburunum finnst spennandi að ná peningum með því að teygja sig ofan í tjörn en átta sig ekki á að þessir peningar eru handa kirkjunni.

Hlutverk þýðandans er að þýða frumtextann eins nákvæmlega og hægt er. Þegar húmor er þýddur er það mjög erfitt og stundum jafnvel ómögulegt að þýða nákvæmlega vegna þess að fengist er við ólík mál og menningu. Þýðandinn verður að finna jafngildi og víkja örlítið frá frumtextanum. Hann getur því ekki þýtt textann orð fyrir orð heldur verður hann að leitast við að þýða merkinguna í staðinn til þess að markttextinn verði skiljanlegur fyrir lesendur. Riita Oittinen segir að í þýðingum fyrir börn felist meira en að þýða orð og að góð þýðing snúist um túlkun þýðandans á textanum (Oittinen 2000: 97). Samkvæmt Eugene Nida, sem þróaði stefnu sem hann setur fram í grein sinni „The Priority of Dynamic Equivalence“, sé þýðandinn bæði frumtakandi og viðtakandi. Hann er viðtakandi þar sem hann fær skilaboð frá frumtextanum en verður frumtakandi í markttextanum þar sem hann ritar nýjan texta. Til þess að þýðingin sé góð verður þýðandinn að fara eftir því sem er ólíkt í menningu og máli textanna til að fá sömu niðurstöðu í báðum textunum (Nida 1982: 22-25).

Fyrstu erfiðleikarnir sem upp komu hjá mér í þýðingarferlinu voru í þessari setningu: „Amma dreki. Nafnið var þannig til komið að amma talaði stundum í

útvarpið og þá var alltaf sagt: Næst á dagskránni er erindi: Margrét Hjálmarsdóttir erindreki...“ (8). Setningin var þýdd þannig: „Mamie **revenante**. Le nom venait du fait que, parfois, mamie intervenait á la radio et il était toujours dit: Á suivre au programme, une discussion: Margret Hjalmarsdottir, **intervenante**, parle de... “. Hér leikur höfundur sér með orðin, en „dreki“ er **dragon** á frönsku en „erindreki“ getur verið meðal annars **intervenante, porte-parole**. Ekki var hægt að fara nákvæmlega eftir frumtextanum, en til þess að halda umgjörðinni, ákvað ég að leika mér með endurtekningu endingar orðsins **revenante** þannig að orðið „dreki“ verður **revenante** á frönsku sem þýðir „draugur“ og „erindreki“ **intervenante** sem hefur sömu merkingu í frumtextanum og marktöxtanum.

Hinir erfiðleikarnir komu upp í kaflanum „Í grænu og rauðu lyngi“. Fjölskyldan er í útilegu og pabbi er að grilla pylsur. Setningin hljómar þannig: „Amma sagði að pylsur væru ekki matur en hún borðaði samt eina, með engu!“ (25). Setninguna sjálfa er ekki erfitt að þýða nema hún endar á „með engu“. Hér er vísað til íslenskra menningaratriða þar sem Íslendingar fara í pylsuvagn og panta oft eina pylsu með öllu. Ef setningin væri þýdd í marktöxtanum eins og hún er skrifuð í frumtextanum, þá hljóðaði hún eitthvað á þessa leið: „mamie dit que les saucisses n'étaient pas de la nourriture mais elle en mangea quand même une, sans rien!“ Við þetta missir textinn marks og húnurinn sem er falinn í orðunum hverfur því að „sans rien“ vísar ekki til menningaratriðis í marktöxtanum.

Í hverju landi tengist húnurinn menningu landsins og umhverfis. Þess vegna hefur hvert land sinn húnur og fólk hlær af mismunandi ástæðum sem tengjast sögu, menningu, trú og samfélagi landsins (Zeynaligargari 2011: 55). Vegna þess að grillaðar pylsur eru mjög oft borðaðar með Dijon sinnep í Frakklandi, er setningin þýdd þannig: „Mamie dit que les saucisses n'étaient pas de la nourriture mais elle en mangea quand même une, sans moutarde!“

3 Málfræðierfiðleikar

Í þessum kafla er fjallað um erfiðleika í málfræði. Sérstakar málfræðireglur eru í hverju tungumáli og til þess að marktöxtinn sé skiljanlegur verður að aðlaga hann að reglum markmálsins. Málfræði er mikilvægt atriði í þýðingum vegna þess að hún gefur textanum merkingu. Í grein sinni „Grammar Has Meaning“ segir Eugene Nida að það skipti máli að horfa ekki á málfræðireglur bara sem reglur heldur sem eitthvað merkingarbært. Orðaröð er álíka þýðingarmikil vegna þess að hún breytir merkingu setninga (Nida 1982: 35, 36).

Munur á málfræði getur verið mikill á milli tveggja tungumála. Munurinn á franskri og íslenskri málfræði kemur fyrst og fremst fram í beygingu fallorða. Franskan fallbeygist ekki þó hún hafi gert það í „gamla daga“ þegar hún var undir áhrifum latínu (Grévisse 1986: 10-15). Í staðinn eru notaðar forsetningar í byggingu setninga og setningarnar eru því almennt langar. Íslenskan er hins vegar beygingamál og setningarnar eru oft stuttar. Þau föll sem eru notuð eru nefnifall, þolfall, þágufall og eignarfall og gefa þau vísbendingar um samband orðs við önnur orð innan setningarinnar (*Íslensk orðabók*).

Þó málfræðin hafi ekki verið mikið vandamál í þýðingarferli þá mun ég taka til umfjöllunar nokkur dæmi sem kröfðust sérstakrar athygli fyrir skilning lesenda.

3.1 Að fara fram og að fara upp

„Við förum fram, sagði Jón Bjarni. Við förum fram og skoðum tertuna betur.“ (8) Hér er gefið í skyn að strákarnir ætla fram á gang eða í eldhúsið. Til þess að gera marktítt skiljanlegan þurfti að skýra hvert nákvæmlega strákarnir voru að fara. Setningin var þýdd þannig: „Allons dans la cuisine, dit Jon Bjarni. Allons dans la cuisine et regardons le gâteau d’un peu plus près.“

„Þeir lágu þegjandi og heyrðu umgang frammi“. (10)

Hér var notuð sama aðferð og í setningunni fyrir ofan og setningin var þýdd: „Ils s’allongèrent silencieusement et entendirent du bruit dans le couloir.“

„Ó, nú man ég eftir einu, sagði Jón Bjarni allt í einu. Ég þarf að fara upp.“ (17)

Hér er gefið í skyn að Jón Bjarni vill fara aftur í húsið og var setningin þýdd þannig: „Oh, il me revient un truc, dit Jon Bjarni tout à coup. Je dois retourner à la maison.“

3.2 Samræming fleirtölu og eintölu

„En stundum stálust þeir til að totta svolítið snuddurnar hennar Möggu þegar enginn sá til, þó að hún væri oftast ferlega sóðaleg, öll rennblaut út úr henni Möggu og útötuð í einhverju rusli.“ (17)

Málfræðilega var þessi setning áskorun að þýða yfir á frönsku vegna þess að frumlagið er í fleirtölu í byrjun en endar í eintölu í aukasetningunni. Þetta var svolítið ruglingslegt því að ég hélt fyrst að „hún“ væri Magga en ekki snuddan, sem gerði merkinguna enn flóknari. Málfræðilega gengur þessi setning ekki á frönsku, þar sem frumlag sem er eins í aðalsetningu og í aukasetningu á að vera í sömu tölu og kyni. Hér hefur verið ákveðið að hafa alla setninguna í fleirtölu vegna þess að hún byrjar með frumlag í fleirtölu: „Mais parfois, ils volaient les tututes de Magga pour les sucer

un peu quand personne ne regardait, même si elles étaient souvent terriblement sales, toutes dégoulinantes de la bouche de Magga et pleines de saleté.“

Einnig var ein áskorun í viðbót í þessari setningu: „út úr henni Möggu“. Hér er átt við „út úr munni Möggu“ og það þurfti að skýra í franska textanum með „de la bouche de Magga“ til þess að textinn yrði skiljanlegur.

3.3 Viðtengingarháttur

Í íslenskri málfræði eru sex hættir sem skiptast í þrjá persónuhætti og þrjá fallhætti. Viðtengingarháttur tilheyrir hópi persónuhátta og beygist því eftir persónum. Í íslensku er viðtengingarháttur nánast alltaf notaður í óbeinni ræðu (Jón Friðjónsson 1989: 24, 37). Í frönsku voru einu sinni til sjö hættir en í dag er skilyrðisháttur fallinn inni framsöguhátt, sem skiptist í níu tíðir, þannig að hættirnir eru sex í dag. Viðtengingarháttur er til í frönsku en hefur ekki sömu merkingu (Arrivé 1997: 155).

Skilyrðisháttur eða skildagatíð eins og hún kallast í dag er notaður í sömu merkingu og viðtengingarháttur í íslensku þannig að í sögninni felst eitthvað sem er hugsað, óraunverulegt eða æskilegt en í óbeinni ræðu samræmist hátturinn merkingu aukasetningar. Skilyrðisháttur er staðgengill framtíðar þegar horft er á atburðarás út frá þátíð en viðtengingarháttur kemur ekki fyrir í atburðarás. Hann getur verið notaður sem skipun eða ósk (Arrivé 1997: 148, 158-159), eins og sést þegar skoðuð er setningin „mamma sagði henni að hún vildi helst að hún kæmi með þeim en Anna aftók það“ (16). Í þessari setningu kemur fyrst framsöguháttur í þátíð (sagði) og svo tvisvar viðtengingarháttur í þátíð (vildi og kæmi). Eftir frönskum reglum um samkomulag tíða og hátta var setningin þýdd sem „maman lui dit qu'elle préférerait qu'elle vienne avec eux mais Anna Jona refusa.“ Fyrst var notaður framsöguháttur þátíðar (passé simple, dit) svo skilyrðisháttur nútíðar (préférerait) og svo í lokin viðtengingarháttur nútíðar (vienne).

4 Lokaorð

Barnabókmenntir hafa þróast mikið síðustu aldirnar og sérstaklega síðustu áratugina. Fyrstu dæmisögunar, sem höfðu sérstaklega til barna, birtust í Frakklandi og Englandi á 17. öld. Þegar íslenskar barnabókmenntir eru hins vegar skoðaðar, sést að þær eru tiltölulega nýtt fyrirbæri og fyrstu barnabækur komu út fyrir 200 árum.

Það var svo um 1970 sem „skandinaviska bylgjan“ barst til Íslands og barnabókmenntir byrjuðu að breytast með útgáfu léttari sagna. Þegar bækur Guðrúnar Helgadóttur um Jón Odd og Jón Bjarna komu út árið 1974 fjölluðu íslenskar

barnabækur almennt um þungmálefni úr raunveruleikanum og sögusviðið var landsbyggðin frekar en Reykjavík. Sagan um tvíburana var hins vegar mjög skemmtileg þar sem hún fjallaði um léttvæg mál og gerðist í Reykjavík.

Það er margt sem einkennir þessa sögu, ekki síst húmorinn, sem gegnir stóru hlutverki. Til þess að þýða húmor, sem er oft tengdur við menningu, þá er ekki nóg að þýða bara orðin, það verður að þekkja vel markmálið. Eugene Nida bentir á að til þess að þýðing sé góð, verður þýðandinn að fara eftir því sem er ólíkt í menningu og máli textanna. Þegar rætt er um barnabókmenntir, þarf þýðandinn sjálfur að hafa góðan húmor og að finna barnaorð eða orð sem börnin skilja og nota uppbyggingu setninga sem er einföld.

Að þýða húmor er flókið ferli, en þýðing nafna er ekki síður flókin. Þýðing nafna er einn þeirra þátta sem kröfðust sérstakrar athygli. Var horft til hugmynda sem Theo Hermans (Fernandes 2006:49) hefur sett fram, en hann vísar til þess að fjórar almennar aðferðir séu til í þýðingum á nöfnum. Aðferðir sem miðast við að afrita nafn og aðlaga eða umrita nafn eru góðir kostir. Þannig bera þýðingar virðingu fyrir höfundinum og börnunum. Með því að skipta um nafn og setja kunnuglegt nafn í staðinn erum við annars vegar að auðvelda lesturinn fyrir börn en hins vegar felst í því vanmat á þeim. Börn eru fljót að læra og best er að hafa nöfn í marktöxtanum eins og í frumtextanum.

Þýðing á barnabókmenntum er bæði erfið og áhugaverð en einnig skemmtileg. Börn hafa ekki sama skilning á heiminum og fullorðnir og til þess að bera virðingu fyrir þeim verður þýðandinn að þekkja þeirra heim vel. Einnig þarf hann að gæta þess marktöxtinn sé skiljanlegur fyrir þau en textinn á að vera jafn nákvæmur og frumtextinn. Hlutverk þýðandans er mikilvægt því aðkoma hans hefur áhrif á marktöxtann og því er mikilvægt að þýðandinn átti sig á því fyrir hvern hann er að þýða.

Heimildaskrá

- Ármann Jakobsson. 2005. „Að kunna sér hóf í alvörunni: Þegar nútíminn kom með tvíbúrum inn í íslenskar barnabókmenntir“. Í *Guðrúnarhúsi*, bls. 74-92. Ritstj. Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Arrivé, Michel. 1997. *Bescherelle. La conjugaison pour tous*. Hatier, Paris.
- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli – Þýðingar og bókmenntir*. Bókmenntafræðistofnun Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Bergson Henri. 1988. *Le rire*. 4. útgáfa. Quadrige/PUF, Paris.
- Boase- Beier, Jean og Michael Holman. 1999. *The Practices of Literary Translation*. Biddles limited, Guildford, Surrey, UK.
- Brown, Penelope E. 2011. *A Critical History of French Children's Literature*. Volume two: 1830-Present. Taylor & Francis, New York.
- Dagný Kristjánsdóttir. 2005. „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn“. Í *Guðrúnarhúsi*, bls. 9-32. Ritstj. Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Fernandes, Lincoln. 2006. „Translation of Names in Children's Fantasy Literature: Bringing the Young Reader into Play“. Sótt 16. nóvember 2012 af: <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.134.7754&rep=rep1&type=pdf>
- Grévisse, Maurice og André Goose. 1986. *Le bon usage*. 12. útgáfa. Duculot, Paris-Gembloux.
- Guðrún Helgadóttir. *Jón Oddur og Jón Bjarni*. 2007. Sjötta útgáfa. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. *Þýðingar*. Kennsluhefti. Háskóli Íslands, haustmisseri 2006.
- Jón Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Mason, Germaine. 1959. *A Concise Survey of French Literature*. Arthur Barker, London.
- Mörður Árnason. 2002. *Íslensk orðabók*. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. M-Ö. Edda, Reykjavík.
- Nida, Eugene A. 1982. *The Theory and Practice of Translation*. The United Bible Societies, E. J. Brill, Leiden.

Oittinen, Riita. 2000. *Translating for Children*. Garland Publishing, New York & London.

Silja Aðasteinsdóttir. 1981. *Íslenskar barnabækur 1780-1979*. Mál og Menning, Reykjavík.

Silja Aðalsteinsdóttir. 1999. „Íslenskar barnabækur“. *Raddir barnabókanna*. Mál og Menning, Reykjavík.

Yamazaki, Akiko. 2002. „Why translating names? On the translation of children's books“. *Children's Literature in Education*, bls 53-62. 33 : 1. Sótt 16. Nóvember 2012 af: <http://link.springer.com/article/10.1023/A%3A1014467726005>

Zeynaligargari, Sevil og Farideh Alavi. 2011. „L'art de la traduction de l'humour dans la littérature pour enfants: la traduction du Petit Nicolas en persan“. Sótt 12. febrúar 2015 af: <http://traduire.revues.org/243#tocto1n5>

Þýðingin

Jon Oddur et Jon Bjarni

Quand Jon Oddur et Jon Bjarni s'étaient couchés tôt et maman recevait des invités

Jon Oddur et Jon Bjarni étaient couchés chacun dans leur lit et n'arrivaient pas à s'endormir. Parfois, ils trouvaient terriblement ennuyeux d'aller au lit, surtout lorsque maman se dépêchait de les coucher. Elle respirait alors si vite et était d'une telle rapidité que les frères savaient ce qu'il se passait: elle attendait des invités. Elle avait, qui plus est, oublié d'envoyer Jon Bjarni se brosser les dents ce soir. Il n'y avait aucun espoir qu'ils puissent s'endormir.

Jon Bjarni, est ce que je peux venir te voir? Demanda Jon Oddur misérablement. Je m'ennuie tellement.

Jon Bjarni s'ennuyait aussi. Il était super content d'avoir Jon Oddur auprès de lui. C'est toujours mieux de s'ennuyer à deux.

Nous sommes extrêmement tristes, dit Jon Bjarni.

Pourquoi est-ce que tes pieds sont si froids? Demanda Jon Oddur.

C'est à cause de maman, dit Jon Bjarni. Elle n'a pas eu le temps de les frotter ce soir quand je me suis couché. C'est tout de sa faute. Même si on ne peut l'affirmer. Je pense que c'est à cause de ça.

Tristes, ils regardaient le plafond.

Jon Bjarni, est-ce que tu as vu le gâteau? Le gâteau que les invités doivent manger?

Oui, j'ai essayé de ne pas le regarder mais ce n'était pas possible autrement. Quel beau gâteau. J'aimerais être un invité.

Les frères se turent un petit moment. Ils s'ennuyaient encore et encore. Les pieds de Jon Bjarni étaient de plus en plus froids.

Tout à coup, Jon Bjarni se redressa à moitié.

C'est décidé. Il regarda Jon Oddur droit dans les yeux. Lorsqu'il regardait Jon Oddur comme ça, droit dans les yeux, et qu'il avait fini de réfléchir, l'une de ses

pupilles partait dangereusement en direction de son nez. Il avait, il faut dire, un œil qui louchait un peu. Ca devait se soigner plus tard et Jon Oddur trouvait ça dommage car il y avait toujours quelque chose d'amusant lorsque Jon Bjarni louchait.

Allons dans la cuisine, dit Jon Bjarni. Allons dans la cuisine et regardons le gâteau d'un peu plus près.

Ils se glissèrent discrètement en dehors de leurs lits et enfilèrent leurs chaussons. Puis ils se faufilèrent dans le couloir. Ils entendirent la voix de mamie depuis le salon. Elle parlait très fort, mamie. Les frères avaient deux grand-mères; celle-ci, ils l'appelaient mamie revenante mais maman le leur interdisait chaque fois qu'elle les entendait le dire. Mamie revenante. Le nom venait du fait que, parfois, mamie intervenait à la radio et il était toujours dit: À suivre au programme, une discussion: Margret Hjalmarsdottir, intervenante, parle de... et mamie ne parlait pas de petites choses. Mais c'était pour sûr, le travail d'une intervenante de parler encore et encore. Mamie revenante était une intervenante talentueuse. Lorsqu'elle parlait, on n'entendait rien d'autre qu'elle et c'était pour ça que personne n'entendit les frères se faufiler dans la cuisine.

Sur la table de la cuisine, se tenait le gâteau dans toute sa splendeur. Il était très épais, avec de la confiture de fraises, et des fraises sur le dessus. Il y avait, tout autour, des fruits en morceaux.

Il n'en restera plus demain, dit Jon Oddur lugubrement. Il fixa le gâteau avec des yeux tristes.

Nous pourrions en manger tout de suite, dit Jon Bjarni avec appétit et déglutit. Il regarda son frère en louchant un peu.

Jon Oddur sentit qu'il avait des papillons dans le ventre. Il avait du mal à respirer.

Jon Bjarni attrapa deux petites assiettes et un couteau.

Après quelques difficultés, un morceau de gâteau se trouvait dans leur assiette.

Mange, dit Jon Bjarni.

